


Rekstrarsamningur um Læk athvarf fyrir fólk með geðraskanir



HAFNARFJARÐARBÆR



Rauði krossinn
Hafnarfirði

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	27.11.2012
Málsnr:	1211324
Bréfa:	320

Félagsþjónustan í Hafnarfirði fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, og Rauði krossinn í Hafnarfirði, kt. 680878-0139, gera með sér eftirfarandi rekstrarsamning um dagsathvarf fyrir fólk með geðraskanir (Læk).

Rekstrarsamningur um athvarf fyrir fólk með geðraskanir

Markmið samningsins

1.gr.

Hinn 2. apríl 2003 gerðu aðilar, ásamt Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi, með sér stofnsamning um athvarf fyrir fólk með geðraskanir (Læk). Sömu aðilar gerðu með sér rekstrarsamning um rekstur Lækjar þann 21. febrúar 2007. Sá samningur var síðar framlengdur hinn 29. desember 2009 og gildi til 31. desember 2010. Samningsaðilar hafa ákveðið að halda áfram rekstri Lækjar með sama hætti og verið hefur frá og með 1. janúar 2013 til og með 31. desember 2013.

Hafnarfjarðarbær tók hinn 1. Janúar 2011 yfir þann málaflokk sem áður heyrði undir Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi. Aðilar að þessum samningi eru þar af leiðandi aðeins tveir, í stað þriggja áður. Sú breyting hefur ekki áhrif á rekstur Lækjar að öðru leyti en því að Hafnarfjarðarbær gengur inn í réttindi og skyldur sem áður tilheyrðu Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi hvað reksturinn varðar.

Ábyrgð og skyldur Hafnarfjarðarbæjar

2. gr.

Hafnarfjarðarbær leggur til húsnæði, ásamt hita og raforku. Hafnarfjarðarbær annast allt viðhald á húsnæðinu innan sem utan og sér um rekstur öryggiskerfis.

Hafnarfjarðarbær leggur til sem samsvarar 62,5% stöðugildi og sér að auki um ræstingar vikulega. Hafnarfjarðarbær leggur jafnframt til starfskraft í 77% stöðugildi. Hafnarfjarðarbær mun ennfremur greiða aksturstyrk, sem svarar til allt að 35 km. aksturs á mánuði. Greitt verður mánaðarlega samkvæmt aksturisdagbók og er greiðslan ekki bundin við tiltekinn starfsmann.

Hafnarfjarðarbær leggur Hafnarfjarðardeild Rauða kross Íslands jafnframt árlega til 7.000.000 kr. vegna kostnaðar af rekstrinum. Upphæðin greiðist með mánaðarlegum jafndreifðum greiðslum.

Ábyrgð og skyldur Rauða krossins í Hafnarfirði

3.gr.

Rauði krossinn í Hafnarfirði greiði launakostnað faglærðs forstöðumanns sem stjórnar daglegum rekstri athvarfsins. Deildin ábyrgist greiðslu kostnaðar vegna reksturs svo sem kostnaðar við rekstrarvörur, skrifstofuhald og allan kostnað vegna kynninga, fræðslu, skemmtunar eða annarar sambærilegrar þjónustu vegna þeirra sem þjónustunnar njóta í athvarfinu. Deildin mun annast eftir föngum að búa húsnæðið þeim húsgögnum og búnaði sem talinn er nauðsynlegur og gagnlegur fyrir starfsemina.

Ábyrgð og skyldur verkefnisstjórnar

4. gr.

Hlutverk og skipan verkefnisstjórnar er skilgreint í 4. gr. stofnsamnings.
Verkefnisstjórn er heimilt að leita sérfræðiaðstoðar hjá samningsaðilum. Sérfræðistoð frá öðrum en samningsaðilum skal haldið í lágmarki.

Rauði krossinn í Hafnarfiði og Hafnarfjarðarbær skipa í verkefnastjórn fulltrúa þann sem Svæðisskrifstofa um málefni fatlaða á Reykjanesi skipaði áður til skiptis til eins árs í senn. Rauði krossinn í Hafnarfirði skipar þennan aðila vegna ársins 2013.

Verkefnisstjórn kys sér formann sem er ábyrgur fyrir fundarboðun, fundað skal eigi sjaldnar en þriðja hvern mánuð.

Eignarhald búnaðar

5. gr.

Allur búnaður athvarfsins er eign þess aðila sem lagt hefur hann til og við hugsanleg verkefnislok skal búnaði skilað til viðkomandi aðila. Forstöðumaður ber ábyrgð á eignaskráningu athvarfsins. Gjöfum sem athvarfinu hafa borist og kunna að berast skal ráðstafað til málefna fólks með geðraskanir í samráði við verkefnisstjórn.

Starfsmenn og kjör

6. gr.

Kjör starfsmanna ráðast af samningum hvers aðila um sig, þar sem kjarasamningar eru ólíkir og mismunandi aðilar greiða þeim laun.

Opnunartími athvarfsins

7. gr.

Athvarfið skal vera opið samkvæmt ákvörðun verkefnisstjórnar en stefnt að því að opið verði frá kl. 9 árdegis til kl. 16 síðdegis. Önnur notkun athvarfsins utan hefðbundins opnunartíma skal samþykkt af verkefnisstjórn.

Húsreglur og öryggisbúnaður

8. gr.

Í athvarfinu skulu gilda almennar umgengisreglur sem settar verða af verkefnisstjórn og forstöðumanni. Öll neysla áfengis og ólöglegra vímuefna er bönnuð. Öryggisbúnaður skal vera í samræmi við ákvæði um brunavarnir og aðrar þær reglur sem Hafnarfjarðarbær setur sér.

Ágreiningsmál

9. gr.

Komi upp ágreiningsmál innan verkefnisstjórnar skal kalla til setu á fundi verkefnisstjórnar aðila sem samningsaðilar koma sér saman um og skal atkvæði hans ráða úrslitum. Heimilt skal vera áður en til þessa kemur að kynna ágreiningsmál fyrir viðeigandi stjórnarstofnun

hvors aðila um sig. Um ágreiningsmál sem upp kunna að koma í athvarfinu skal farið með samkvæmt húsreglum samanber 9. gr. og ákvörðunum verkefnisstjórnar.

Rekstrar- og framkvæmdaáætlun
10. gr.

Verkefnisstjórn skal standa samningsaðilum skil á rekstar- og framkvæmdaáætlun fyrir komandi ár eigi síðar en 1. nóvember ár hvert á samningstímanum. Þá skal hún skila starfsskýrslu fyrir liðið ár eigi síðar en 1. mars árið á eftir.


Gildistími samningsins
11. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að rekstrarsamningur þessi gildi frá 1. janúar til 31. desember 2013. Samningurinn er óuppsegjanlegur á þeim tíma.

Þó aðilar séu á engan hátt skuldbundnir til að halda verkefninu áfram við lok samningstímans eru þeir sammála um að ganga til samningaviðræðna á samningstímanum um áframhaldandi rekstur Lækjar frá og með 1. janúar 2014.

Hafnarfirði, 22. nóvember 2012

meit fyrir samþykku frá hagsmiðunum 2013



Rannveig Einarsson

F.h. Rauða krossins í Hafnarfirði
Ingibjörg E. Ásgeirsdóttir
RAUÐA KROSSIÐ ÍSLANDS
Hafnarfirði
Ingibjörg E. Ásgeirsdóttir